

**Nd. 864. Frumvarp til laga [291. mál]**

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. maí.)

**1. gr.**

Við 11. gr. bætist ný málsgrein er verði 7. málsgrein og orðist svo:

Hver sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, skal eiga rétt á töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.

**2. gr.**

Ný 2. mgr. 12. gr. orðist svo:

Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim, sem skortir að minnsta kosti helming starfsorku sinnar og uppfyllir skilyrði 1. mgr. að öðru leyti en því, er örorkustig varðar. Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62 ára aldri, skal njóta örorkustyrks sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris (grunnlífeyris án bóta tengdra honum). Örorkustyrk má ennfremur veita þeim, sem stundar fullt starf, en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar, og heimilt er að greiða slíkan styrk vegna bæklunar eða vanþroska barns innan 16 ára aldurs, ef hún hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki, og skulu þær staðfestar af ráðherra.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.